



Fréttabréf forseta

Febrúar 2016

Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

Skýrslur

Ég vil byrja á að þakka ykkur öllum hversu vel þið brugðust við beiðninni um skýrsluskrifin. Allar deildir skiluðu inn skýrslunni þann 1. febrúar (og sumar fyrr) og 6. febrúar sendi ég samantektin úr öllum skýrslunum til alþjóðasambandsins. Þannig að við erum í góðum málum. Á næsta ári mun ég hvetja stjórnir deilda til að vinna skýrslurnar saman því það var eitt og annað í þessum skýrslum sem formennirnir höfðu ekki endilega haft með að gera og því gæti slík samvinna létt vinnuna við skýrsluna og gert hana áreiðanlegri.

Uppstillingarnefndir

Væntanlega hafa flestar deildir nú skipað sínar uppstillingarnefndir því þær þurfa að hefja störf sem fyrst. Í framhaldi af því fara tillögur að nýjum stjórnnum deildanna að líta dagsins ljós. Ég hvet allar félagskonur til að taka að sér störf innan deildanna. Þannig kynnumst við félaginu og félagskonum enn betur um leið og við fáum þjálfun í stjórnarstörfum.

Alþjóðlegar nefndir

Í sumar verður skipað að nýju í alþjóðlegar nefndir til næstu tveggja ára. Ég hvet ykkur til að hugleiða að gefa kost á ykkur til setu í slíkri nefnd og hvetja jafnframt ykkar deildarkonur til þess sama. Að starfa í alþjóðlegri nefnd vikkar sjóndeildarhringinn og gefur manni góða reynslu og þekkingu á starfsemi DKG. Allmargar íslenskar konur hafa átt sæti í nefndum fyrir hönd Evrópusvæðisins og eru þær örugglega allar tilbúnar að gefa upplýsingar og góð ráð til þeirra sem hug hafa á að bjóða fram krafta sína. Yfirlit yfir þessar konur má finna á vefnum okkar. Á vefnum er einnig glærुकyninging á nefndum alþjóðasambandsins frá Dr. Sigrúnu Klöru Hannesdóttur.

Vorþingið og erlendir gestir

Við fáum tvo erlenda gesti (fyrirlesara) á vorþingið okkar. Önnur þeirra, *Carol Kraus* frá Connecticut í Bandaríkjunum kemur á vegum *International Speakers Fund* en hin, *Dr. Donna-Faye Madhosingh*

frá Vancouver í Kanada, er fulltrúi alþjóða-samtakanna. Það er tilhlökkunarefni að fá þessar reyndu konur til okkar. Dagskrá þingsins er í burðarliðnum og verður birt allra næstu daga. Heimilt verður að taka með sér gesti og hvet ég ykkur allar til að fjölmenna á þingið, ekki síst verðandi formenn og stjórnir. Þarna er tækifæri til að kynnst félagskonum úr öðrum deildum, endurnýja gömul kynni og njóta samveru.

Heimasíður deilda

Misjafnt er hversu vel því er sinnt að uppfæra vefsíður deildanna. Hjá sumum deildum er þetta alveg í lagi en miður hjá öðrum. Ég minni á að betra er að sleppa upplýsingum á vefnum en hafa þær gamlar og úreltar og leiðinlegt er að heimsækja vefsíður sem ekki hafa verið uppfærðar um langan tíma. Þær sem þurfa aðstoð geta haft samband við mig sem vefstjóra.

Doktorspróf

Á alþjóðasambandsþingum er venjan að geta sérstaklega

þeirra kvenna sem lokið hafa doktorsprófi á tímabilinu. Ég ætla því að biðja ykkur um að koma til mín upplýsingum um konur í ykkar deildum sem það hafa gert.

Fjármál

Við veltum því stundum fyrir okkur í hvað félagsgjöldin okkar fara. Hér má fræðast um það og kynna fyrir félagskonum og einnig hér á PowerPoint glærum. Fleiri upplýsingar varðandi fjármálin og rekstur samtakanna má finna á þessari slóð.

Að lokum

Gangi ykkur vel í deildastarfinu á vorönninni. Munið heimasíðuna og Facebook síðuna (þar mega allar setja inn efni). Mætum á fundina í deildunum og reynum að koma á tengslum við aðrar deildir. Það styrkir starfið til framtíðar.

Bestu kveðjur!

Eygló Björnsdóttir, forseti DKG

**Verum virkar –
styrkjum starfið**